

Eystrahorn

27. tbl. 40. árgangur

Fimmtudagurinn 18. ágúst 2022

www.eystrahorn.is



Laugardaginn 13. ágúst var Björgunarfélag Hornafjarðar með sína árlegu flugeldasýningu á Jökulsárlóni. Sýningin er mikið sjónarspil en flugeldum er skotið upp af þrómmum úti á lóninu í myrkri svo bjarminn frá flugeldunum kastast á ísjaka á lóninu og speglast í vatninu. Góð mæting og voru gestir hæst ánægðir. Myndir: Guðný Gíjja Benediktsdóttir

Leitin að fugli ársins



Fuglavernd hefur hrundið af stað leitinni að Fugli ársins, annað árið í röð.

Kynntir eru til leiks tuttugu fuglar á nýuppfærðri heimasíðu keppinnar, <https://fuglarsins.is/>, sem m.a. voru tilnefndir af þeim sem tóku þátt í fyrra. Í það skiptið bar heiðlóan sigur úr bítum, vorboðinn okkar ljúfi.

Á heimasíðu keppinnar má sjá þá fugla sem eru í forvali: <https://fuglarsins.is/>. Kynntu þér keppendur og taktu þátt með því að velja þann fugl sem þú vilt sjá keppa um titilinn Fugl ársins 2022 - fimm fuglar komast pottþétt áfram. Forvalið fer fram rafrænt dagana 10.-15. ágúst á vefsíðu keppinnar.

Úrslitakosningin um Fugl ársins 2022 fer svo fram á <https://fuglarsins.is/> dagana 5.- 12. september og verður sigurvegari ársins kynntur þann 16. september á Degi íslenskrar náttúru. Endilega deildu áfram, njóttu vel og góða skemmtun!

Tilgangur keppinnar er að vekja athygli á stöðu fugla og fuglaverndarmála á Íslandi, afla nýrra Fuglaverndarféлага og styrktaraðila en ekki síst að skemmta og fræða.

Nánari upplýsingar gefur Brynja Davíðsdóttir verkefnastjóri hjá Fuglavernd: fuglarsins@fuglavernd.is og í síma 8447633.

Á efri myndinni má sjá auðnutittling. Mynd: Eygló Aradóttir.
Á neðri mynd er toppskarfur. Mynd: Sveinn Jónsson



Andlát

Ástkær móðir okkar

Halla Bjarnadóttir

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Skjólgarði þann 14. ágúst.

Útförin verður frá Hafnarkirkju laugardaginn 20. ágúst kl. 13:00

Þeir sem vilja minnst hennar er bent á Minningar sjóð Skjólgarðs.



*Lucia Óskarsdóttir Sigurður Þ. Karlsson
Birna Óskarsdóttir Kristján Snæbjörnsson
Börn, barnabörn, barnabarnabarn, systkini og
fjölskyldur hinnar látnu*

Starfsmaður á öryggisbát

Jökulsárlón Ferðapjónusta óskar eftir að ráða starfsfólk öryggis- og fylgdarbáta (Zodiac)

Starfssvið:

- Fylgja eftir farþegabátum á siglingu
- Gæta öryggis farþega um borð í hjólabátum
- Gæta þess að siglingaleið sé örugg fyrir hjólabát

Hæfniskröfur:

- Vinna vel undir álagi
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Gott líkamlegt ástand
- Einhver reynsla af stjórnun báta (eða annarra tækja) kostur

Skemmtilegt starf á fjörugum vinnustað, ef viðkomandi er á Höfn er starfsmannabíll í boði.

Einnig getur viðkomandi fengið að dvelja á Reynivöllum

Tímabil frá lok ágúst út september eða miðjan október

Áhugasamir geta sent ferilskrá á agust@jokulsarlon.is eða haft samband í síma 893-1822



Eystrahorn

Svalbarð 5 • Sími: 848-3933
Útgefandi:HLS ehf.
Ritsgjafi og
ábyrgðarmaður:Tjörvi Óskarsson
Netfang:tjorvi@eystrahorn.is
Prófaralestur:Guðlaug Hestnes
Umbrot:Tjörvi Óskarsson
Prentun:Litlaprent
ISSN 1670-4126

**HLADVARP
EYSTRAHORNS**

Hlustaðu á þættina á
www.eystrahorn.is/
hladvarp

FRÆDSLUNETIÐ KYNNIR:

NÁMSKEIÐ FYRIR 60+ SNJALLTÆKIN OKKAR

Námskeið á Höfn í Nýheimum þar sem kennt er hvernig hægt er að nota snjalltæki, síma eða spjaldtölvu á virkari hátt.

Skráning og nánari upplýsingar: Róslín í síma 560 2039 roslin@fraedslunet.is eða hjá Steinunni í síma 560 2038 steinunnosk@fraedslunet.is

DAGAR OG TÍMI:

12.-15. september, mánudagur - fimmtudagur

Hópur A kl. 10-12

Hópur B kl. 13-15

Námskeiðið er í boði Félagsmálaráðuneytisins

www.fraedslunet.is

Starfsmaður miðasölu móttöku

Jökulsárlón Ferðapjónusta óskar eftir að ráða starfsfólk öryggis- og fylgdarbáta (Zodiac)

Starfssvið:

- Sala á miðum í báta
- Bókanir
- Upplýsingagjöf
- Símaavarsla

Hæfniskröfur:

- Góð þjónustulund
- Vinna vel undir álagi
- Góð enskukunnátta

Skemmtilegt starf á fjörugum vinnustað, ef viðkomandi er á Höfn er starfsmannabíll í boði.

Einnig getur viðkomandi fengið að dvelja á Reynivöllum

Tímabil frá lok ágúst - október

Húsnæði á staðnum.

Áhugasamir geta sent ferilskrá á agust@jokulsarlon.is eða haft samband í síma 893-1822.



Lumar þú á áhugaverðu efni í Eystrahorn?

Við hvetjum þig til að senda okkur línu á eystrahorn@eystrahorn.is

Íslandsmót 5. deildar karla á Silfurnesvelli



Dagana 12. – 14. ágúst var mikið líf og fjör á Silfurnesvelli þegar Íslandsmót 5. deildar karla í golfi var haldið á vellinum. Keppendur komu víða að, frá Ólafsvík, Grundafirði, Dalvík og Egilsstöðum. Í sveit GHH voru þeir Halldór Sævar Birgisson, Halldór Steinar Kristjánsson, Óli Kristján Benediktsson, Jón Guðni Sigurðsson, Kristinn Justiniano Snjólffsson og Sindri Ragnarsson. Fyrirfram má segja að sveit GHH hafi verið nokkuð sigurstrangleg, enda frábærir kylfingar í sveitinni og leikið á okkar heimavelli. Fyrir lokaumferðina voru okkar menn á toppnum en á lokadeginum

féllu úrslit ekki með okkur og endaði GHH í þriðja sæti á mótinu. GVG, Golfklúbburinn Vestarr frá Grundarfirði, sigraði á mótinu og nágrennar þeirra í GJÓ, Golfklúbbnum Jökli frá Ólafsvík urðu í 2. sæti. Þó má geta þess að GHH var með flesta vinninga á mótinu eða átta talsins, en það dugði því miður ekki til, þar sem unnir leikir töldu og þar vantaði örflítið upp á til að landa bikarnum. Margir lögðu leið sína í golfskálann til að kíkja á stöðuna og stemninguna og fjöldi fólks lagði hönd á plóg svo mótið mætti vera sem veglegast. Völlurinn okkar var í toppstandi og fékk

Golfklúbbur Hornafjarðar mikið hrós fyrir aðstæður á vellinum. Það verður að nefna einn mann sérstaklega í því sambandi en formaður GHH, Gestur Halldórsson, hefur verið vakinn og sofinn yfir því að undirbúa völlinn fyrir mótið, jafnt að nóttu sem degi, auk þess sem hann hefur unnið að breytingum og bættum aðstæðum á vellinum í allt sumar með hjálp góðra manna. Golfskálinn hefur líka tekið algörum stakkaskiptum og má þar nefna að breytingar hafa verið gerðar til að frábært útsýni úr skálanum fái notið sín sem best og var það að miklu leyti unnið í sjálfbóðastarfi. Það er ekki sjálfgefið að hafa svona öflugra sjálfbóðaliða í starfi sem

Þátttakendur að Íslandsmótinu loknu þessu, en það er alveg ljóst að í GHH verður mannaúðurinn ekki metinn til fjár.

Mikil og góð stemming er í golfklúbbnum um þessar mundir sem sást vel í skálanum um helgina og þegar þetta er skrifað eru tugir kvenna skráðar á Hefðarmeyjargolfmót þriðjudaginn 17. ágúst. Þar mæta konur í kjól og með hatt og spila golf með allskyns skemmtilegum áskorunum og þrautum og er mótið sérstaklega hugsað fyrir nýliða.

Að lokum er rétt að taka fram að sumarið er ekki búíð og það er aldrei of seint að byrja að stunda golf!

Mótanefnd GHH



HEYRNARÞJÓNUSTA

Verðum á heilsugæslunni á Höfn í Hornafirði **föstudaginn 2. september**

Verið velkomin

Heyrðu umskiptin
Fáðu heyrnartæki til reynslu
Góð heyrn glæðir samskipti
Tímapantanir 534 9600

Heyrn - Hlíðarsmára 19
 201 Kópavogi - www.heyrn.is





Liðsmenn GHH

Eystrahorn

Hirðingjarnir styrkja Björgunarfélagið



Þann 9. ágúst síðastliðinn fékk Björgunarfélag Hornafjarðar heldur betur rausnlegt framlag frá Hirðingjunum Nytjamarkaði á Hornafirði að upphæð 1.000.000 kr. Sú upphæð er eyrnamerkt tækjakaupum og mun það nýtast vel. Björgunarfélag Hornafjarðar þakkar þeim kærlega fyrir þennan styrk.

Innritun nýnema skólaárið 2022-2023 stendur yfir

Síðasti umsóknardagur er mánudagurinn
22. ágúst.

Umsækjendur sækja um í gegnum íbúagátt bæjarfélagsins eða www.hornafjordur.is (Þjónusta, Tónskóli)

Þeir nemendur sem voru í námi á síðasta ári og skiluðu inn umsókn í vor, þurfa **ekki** að sækja aftur um.

Skrifstofa skólans ásamt símatíma verður opin:

Föstudaginn. 19. ág. kl. 11:00-16:00 og
mánudaginn 22. ág. kl. 10:00-13:00
sími 470-8460

Nánari upplýsingar eru inn á heimasíðu skólans.
Hornafjordur.is - þjónusta - tónskóli

Einnig má senda fyrirspurnir á
tonskoli@hornafjordur.is

Tónskóli
AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

Skólastjóri



Við leitum að starfsfólki í veiðarfæragerð

Skinney-Þinganes hf. óskar eftir kraftmiklum og duglegum einstaklingum í störf hjá veiðarfæragerð félagsins á Höfn.

Einstaklingar af öllum kynjum er hvattir til þess að sækja um.

Áhugasamir eru beðnir um að senda starfsúmsókn í tölvupósti á netagerd@sth.is

Einnig er hægt að fá nánari upplýsingar um starfið hjá Friðriki Þór Ingvaldssyni í síma 869-0422.



SKINNEY-ÞINGANES HF.
2010 - 2023

